



Hafnarfirði, 22. janúar 2008

Athugasemdir sem fram hafa komið frá skólastjórum í Hafnarfirði við nýtt frumvarp til laga um grunnskóla.

8. grein

Skólaráð

Verksvið umfangsmikið og krefst mikils vinnuframlags. Þátttaka foreldra getur ekki áfram byggst á því að þeir vinni verkið í sjálfböðavinnu og utan dagvinnutíma. Enda ófært fyrir skólastjóra og annað starfsfólk að þurfa að vinna með ráðið utan dagvinnu. Líklegt þykir að foreldrar taki að sér setu í ráðinu með það fyrir augum að sinna því utan við sinn dagvinnutíma. Reynslan hefur verið þessi með samstarf við foreldraráð. Rétt er að benda á að það hefur þótt skorta skýrar reglur um það hvernig skuli valið í foreldraráð hingað til og er það þá ekki síður nauðsynlegt að hafa það skýrt hvernig vali á fulltrúum í skólaráð skuli háttað. Það er ekki síst nauðsynlegt vegna þess að starfssvið skólaráðs er ætlað að vera enn umfangsmeira en foreldraráðs.

Aukinn launakostnaður fyrir sveitarfélagið.

9. grein

Samkvæmt 9. gr. verður skylda að hafa foreldrafélag við alla skóla og á skólastjóri að bera ábyrgð á stofnun þess. Hann á þá væntanlega einnig að bera ábyrgð á því að það sé starfandi eftir að það hefur verið stofnað. Kveða þarf skýrar á um þessi atriði. Með þessari lagagrein er frumkvæði að stofnun og rekstri foreldrafélaga tekið frá foreldrum og fært undir skóla. Er það örugglega skref í rétta átt?

25. grein

Virkar óljóst hvað átt er við með 3. til og með 6. málsgrein.

Er átt við að námsmarkmið fyrir nemendur sem ljúka námi á skemmri tíma en 10 árum, verði eða geti verið önnur en annarra nemenda? Sjá einnig 32. grein 2. mgr. sem virkar eins og þversögn við þetta.

31. grein

Kostnaður vegna framhaldsskólaáfanga fellur á sveitarsjóði að fullu - hefur ekki verið áður bundið í lög.

Aukinn kostnaður fyrir sveitarfélagið.

F.h. skólastjóra í Hafnarfirði

Helgi Arnarson.